

Hestamannafélagið Kjóavöllum

14. fundur, haldin mánudaginn 28.01.2013 kl. 16:30 í félagsheimili HK Hattarvöllum 1.

Mætt til fundarins voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson, Halldór H. Halldórsson, Hermann Vilmundarson og Ingibjörg G. Geirsdóttir .

1. Nafnamál, GH upplýsti að upb. 60 umslög með nöfnum hafa borist vegna nafnasamkeppninnar, nafnanefnd mun hittast og fara yfir tillögur 29.01.2013. Gunnar Steinn mun verða nefndinni innan handar.
2. Fjármál HK, greiðsla 2013 hefur ekki borist frá Garðabæ, heldur ekki styrkur vegna rekstrar- og æskulýðsstarfs. IGG og GH fylgja því eftir við Guðjón Friðriksson Gbæ.
3. Heimasíða www.kjoavellir.is menn sammála um að síðan sé ömurleg, reikningur upb. 30 þús. hefur borist frá Þekkingu fyrir vinnu við síðuna. ÞS verður í sambandi við Odd Hafsteinsson vegna málsins. Nýr liðsmaður tölvunefndar Kristján Þór Finnsson er reiðubúinn að smíða nýja síðu frá grunni.
4. Hitaveita á vallarsvæði og að Andvarasvæðinu, HV greindi frá því að heitavatnslögn frá reiðhöll að vallarsvæði muni kosta upb. 2000 kr á lm. eða um 1,2 m.kr. Stjórn HK samþykkir að fara í þessar lagnir, meira rask fylgir því síðar. HV greindi einnig frá hugmynd Guðna Eiríkssonar um að OR fari áfram með lögnina frá vallarsvæði að Andvarahverfi, GE fundar með OR vegna þessa.
5. Andvarahöll og skattur, SS ræddi hugsanlegan skatt af reiðhöll vegna flutnings af kennitölu Kjóavalla hf yfir á kennitölu HK. Að mati enduskoðanda Kjóavalla gæti verið um talsverðar fjárhæðir að ræða, málið þarfast frekari skoðunnar og álits fleiri lærðra. ÞS og SS skoða það frekar.
6. Lög HK, breytingar hafa verið gerðar samkvæmt ábendingum frá UMSK, stjórnarmenn fara vel yfir löggin fyrir næsta fund.
7. Aðalfundur HK, stefnt að því að halda aðalfund fimmtudaginn 14. feb. nk. einhverjar tillögur eru komnar um fólk í stjórn og nefndir.
8. Ársþing UMSK verður haldið á Seltjarnarnesi 21. feb. nk. HK hestamannafélag á rétt á sjö fulltrúum. Stjórn HK skipar fulltrúa á þingið, ósk hefur borist frá Þorsteini Ragnarssyni um fundarsetu.
9. Kostnaður á námskeið, rætt um endurgreiðsluhlutfall námskeiða þolla, barna og unglunga, móta þar skýra stefnu varðandi þessi mál til framtíðar. IGG, HV og GH falið að móta og finna út um þessi mál fyrir veturinn. Einnig rætt um styrki eða endurgreiðslu til þeirra barna og unglunga sem ekki sækjast eftir knapamerkis- eða reiðhallanámskeiðum, hugmyndir ræddar um annarskonar námskeið t.d. GPS.
10. Lagfæringar á þjónusturými reiðhallar, ræddar hugmyndir Sveins Ívarssonar um breytingar á þjónusturými reiðhallarinnar, stjórn HK er samþykk þeim breytingatillögum.
11. Bekkir í reiðhöll, ræddar lauslega hugmyndir Guðna Eiríkssonar varðandi patentlausnir á áhorfendabekkjum í reiðhöll, umræðum frestað.
12. Aðalskipulag Kópavogs 2012 - 2024, SS kynnti breytingatillögur á aðalskipulagi Kópavogs sem lúta m.a. að íbúðabyggingum ofan hesthúsa við Landsenda, í Vatnsendahlíð, sunnan og vestan Guðmundarlundar auk atvinnulóða ofan við Básaskarð. Um forkynningu skipulagsins er að ræða og frestur til að skila aths. er 3. feb. nk. Óásættanlegt er að áforma byggð sunnan og vestan Guðmundarlundar, hvort heldur sem um íbúða- eða atvinnuhúsnæði er að ræða. Það á einnig við um byggingar á brúninni ofan við Landsenda. Ætluð áform munu strax byrja að brjóta niður þá uppbyggingu sem á sér stað á Kjóavöllum. SS ræðir við formann skipulagsnefndar Kópavogs. ÞS og HHH ræða við skipulagsstjóra Garðabæjar vegna málsins.

13. Snjómokstur á Kjóavöllum, fastmóta þarf stefnu um snjómokstur á Kjóavöllum, þar stendur Gbær sig mun verr en Kóp. Þarf að taka upp á samráðsfundi.
14. Markavegur, þrýsta þarf á að umferð að Guðmundarlundi verði ekki í gegnum hesthúsahverfið heldur veri fyrirhugaður vegur að Vatnsendaheiði tafarlaust lagður. Samráðsnefnd.
15. Aðkoma á Kjóavallasvæðið hjá Hattarvöllum, HHH ræddi um holóttan veg og á tíðum nær illfær minni bílum, bundið slitlag þarf á akveginn eða þjónusta svæðið mun betur en nú er og verið hefur. Samráðsnefnd.
16. Grunnuvatnaskarð, ýta þarf á um reiðveg í Grunnuvatnaskarð og á reiðveg á Vatnsásvegi, ÞS og HHH ræða málið við Arinbjörn Vilhjálmsson.
17. Gámur f. Plast, rætt um að fá gám fyrir rúlluplast til reynslu, þarf að vera læstur og auglýsa á hvaða tímum hann verður opinn, GH ræðir við Unnar um málið.
18. Tölvumál, IGG ræddi um tölvu fyrir mótanefnd.
19. Umgengni um hesthúsahverfin og Kjóavelli, rætt um vandamál vegna hestakerra, heyrúlla ofl. Í þröngum götum í Vallahverfi (gamli Andvari) og umgengni einstakra húseigenda á byggingasvæðinu í Endahverfi (nýi Gustur).

Fleira ekki færi til bókar, fundi slitið kl. 18:20

Fundarritun Halldór H. Halldórsson